



Fundargerð

Fundur í skipulags- bygginga- húsnæðis- og hafnarnefnd Reykólahrepps
mánudaginn 9. desember 2013, kl. 10.00

Fundarstaður: Stjórnsýsluhúsið Maríutröð 5a, Reykólum.

Mættir: Sveinn Ragnarsson formaður, Egill Sigurgeirsson og Herdís Matthíasdóttir. Einnig sátu fundinn Bogi Kristinsson skipulags- og byggingafulltrúi og Ingibjörg B. Erlingsdóttir sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

Fundargerð er rituð á tölvu og er ein blaðsíða.

Formaður bauð fólk velkomið, þá var gengið til dagskrár.

Dagskrá:

Mál til afgreiðslu:

1. **1312001 – Hafrahlíð 207394, umsókn um stofnun nýrrar lóðar Hafrahlíð 2.**
Erindi frá Tómasi Jónassyni hdl. fyrir hönd Helgu Daníelsdóttur.

Nefndin samþykkir stofnun nýrrar lóðar, Hafrahlíð 2. Samþykkt samhljóða.

2. **1312002 – Hafrahlíð 207394, umsókn landskipti.**

Umsókn frá Helgu Daníelsdóttur þar um er að ræða landskipti á landinu Hafrahlíð 2 út úr lóðinni Hafrahlíð 207394.

Nefndin samþykkir landskipti á Hafrahlíð 2 úr landi Hafrahlíð 207394. Samþykkt samhljóða.

Önnur mál (ef einhver): Löglega upp borin.

3. **1311010 – Deiliskipulag við Reykhóla, útivistasvæði, Sjávarböð.**
Erindi frá Eyland lab, dagsett 6. desember 2013 varðandi gesthús og upplýsingamiðstöð á svæðið.

Lagt fram til kynningar.

Farið yfir fundargerð, fundi slitið kl. 11:00
